




## Miklar hækkunar á hlutabréfamarkaði

Mikið líf hefur verið á íslenskum hlutabréfamarkaði á síðustu mánuðum og verðhækkunar verið miklar. Frá áramótum hefur OMXI10 vísitalan hækkað um rúmlega 18% en það er mikil hækkun á svo skömmum tíma. Frá því að markaðurinn náði lágmarki í mars á síðasta ári hefur hann hækkað um tæplega 91%. Viðskipti á markaðnum hafa einnig aukist mikið á síðustu misserum og var desembermánuður metmánuður í fjölda viðskipta en þá voru hlutabréfaviðskipti tæplega 9.500.

OMXI10 vísitalan, sem samanstendur af 10 stærstu félögum í Kauphöllinni mælt í markaðsvirði, fór yfir 3.000 stig þann 18. febrúar í fyrsta skiptið. Verðhækkunar á hlutabréfum Marel hafa leitt hækkun vísitölunnar en félagið hefur hækkað um 18,5% frá áramótum. Markaðsvirði félagsins er um 703 ma.kr. en til samanburðar er heildarvirði félaganna 10 í vísitölunni um 1.337 ma.kr. Vægi Marel í vísitölunni er því um 53% og því hafa allar breytingar á hlutabréfaverði Marel mikil áhrif á þróun vísitölunnar. Annað stórt félag á markaðnum er Arion banki en markaðsvirði hans er 215 ma.kr. og vegur bankinn um 16% í vísitölunni. Saman standa þessi tvö félög því á bak við um 69% vísitölunnar.

Þróun OMXI10-  
hlutabréfavísitölunnar



Heimild: Keldan


### Flest félög hafa hækkað frá áramótum

Frá áramótum hafa verið fremur almennar hækkunar á markaðnum. Af 29 félögum í kauphöllinni hafa 24 hækkað en 5 lækkað. Bréf Arion banka hafa hækkað mest, eða um tæplega þriðjung. Bréf Símans hafa hækkað næst mest, eða 24,7%, og skammt á eftir kemur Sjóvá með 23,9% hækkun. Þar sem lækkunar hafa orðið hafa þær verið fremur litlar eða á bilinu 0,3-8,5%. Mesta verðlækkunin hefur orðið á bréfum Icelandair en minnst í Origo. Sé litið til meðalbreytingar frá áramótum hafa félögin hækkað um 10,5%.

### Miklar hækkunar síðustu misseri

Sé litið yfir lengri tímabil en frá áramótum hefur orðið mikil hækkun á síðustu misserum, sérstaklega eftir þá lækkun sem varð eftir að farsóttin braust út í heiminum. Frá byrjun síðasta árs og þangað til

Markaðsvirði félaganna í OMXI10



Heimild: Macrobond




vísitalan náði lágmarki sínu 23. mars á síðasta ári lækkaði vísitalan um ríflega fjórðung. Frá þeim degi og til dagsins í dag hefur vísitalan hækkað um tæplega 91%.

### Viðskiptum hefur líka fjölgað mikið


Viðskiptum hefur líka fjölgað mikið samfara hækkun hlutabréfa og má það að hluta rekja til aukinnar þátttöku almennings á hlutabréfamarkaði. Desember var metmánuður á hlutabréfamarkaði en þá voru viðskipti tæplega 9.500 og var það tæplega þreföldun frá sama mánuði árið áður. Í öllum mánuðum síðasta árs mældist fjölgun viðskipta frá sama mánuði árið áður. Í einum mánuði var fjöldi viðskipta óbreyttur milli ára en í júlí voru viðskipti 2.017, sem er sami fjöldi og árið áður. Samtals voru viðskipti á síðasta ári rúmlega 56 þúsund og fjölgaði þeim um 61% frá fyrra ári. Viðskiptum hefur farið nær sífellt fjölgandi á síðustu árum. Sé litið allt aftur til ársins 2012 var fjöldi viðskipta tæplega 8 þúsund og má því segja að mikið vatn hafi runnið til sjávar síðan þá.

### Verðbreytingar frá áramótum



Heimild: Macrobond

### Viðskipti með hlutabréf



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt



af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.